

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13:00 var haldinn 301. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir og Valgarður Lyngdal Jónsson. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir var fjarverandi. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar lagt fram og kynnti minnisblað starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, og svohljóðandi tillögu um ákvörðun launa forstjóra. Tillögunni fylgir greinargerð:

1. Að laun forstjóra hækki úr kr. 2.502.343 í kr. 2.872.669 þann 1. mars 2021 að undangengnu frammistöðumati. 2. Að forstjóri hljóti eingreiðslu kr. 3.000.000 þann 1. mars. 2021 vegna þess að launakjör hans hafa ekki verið uppfærð í 2 ár. Samkvæmt viðauka við núgildandi ráðningarsamning teljast afnot af bifreið sem forstjóri fékk til umráða til launa og gildir þá engu hvort slík hlunnindi eru tekin út í formi greiðslu eða sem afnot af bifreið. Mælt er með því að það fyrirkomulag verði óbreytt.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:34.

**Aukafundur vegna ársreiknings verður haldinn þann 5. mars 2021.
Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. mars 2021.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.